

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Langanesbyggð.

I. KAFLI Hundahald.

1. gr.

Hundahald í Langanesbyggð sætir þeim takmörkunum sem getið er um í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald er háð leyfi sveitarstjórnar sem getur veitt lögráða einstaklingum, búsettum í sveitarfélaginu, leyfi til hundahalds að uppfylltum þeim skilyrðum sem samþykkt þessi kveður á um.

3. gr.

Leyfi til hundahalds er bundið við nafn og heimili leyfishafa og viðkomandi hund og er óheimilt að framselja það.

4. gr.

Hundar skulu skráðir á skrifstofu sveitarfélagsins eða hjá umboðsaðila og þar fær umsækjandi afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Við skráningu skal framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu og að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og spóluormum, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Leyfishafi skal tilkynna sveitarfélaginu ef hundurinn drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu.

Við skráningu skal umsækjandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann síðar að verða.

5. gr.

Innan þéttbýlismarka skal hundur aldrei ganga laus heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum viðkomandi húss.

6. gr.

Utan þéttbýlismarka er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda.

7. gr.

Eigendur og umráðamenn hunda skulu gæta þess að hundar þeirra valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Eigendum og umráðamönnum hunda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hunda þeirra.

8. gr.

Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur í sveitarfélaginu.

9. gr.

Ekki má hleypa hundum eða köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar. Heimilt er þó fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi og samkomuhús, enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Heilbrigðisnefnd er þó heimilt, að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar að veita undanþágu til að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á heilbrigðis- og meðferðarstofnunum. og getur hún einnig heimilað að farið sé með dýr inn í íþróttamannvirki þar sem aðstaða er til íþróttaiðkunar á is vegna sýninga eða keppni. Einnig er óheimilt að hleypa hundum inn í húsnæði

matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og inn í húsnæði vatnsveitna sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn. Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um nytjahunda að störfum. Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:

- a. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
- b. Almennings- og útisalerni.
- c. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.
- d. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
- e. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila svæðanna.
- f. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
- g. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
- h. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, svo og hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.
- i. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
- j. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
- k. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
- l. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
- m. Almenn samgöngutæki.
- n. Matvælafyrirtæki þar sem fram fer framleiðsla og dreifing matvæla.
- o. Vatnsveitur.

10. gr.

Óheimilt er að láta hunda dvelja lengur en í tvo mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir þeim.

11. gr.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimili.

12. gr.

Eiganda hunds ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varðar, þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda, sbr. 57. gr. reglugerðar um hollustuhætti, og greiðslu leyfisgjalds, sbr. 5. gr. þessarar samþykktar, svo og þeim fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

13. gr.

Um hundahald í fjöleignarhúsum fer skv. 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Ef sótt er um að halda hund í fjöleignarhúsi skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda fylgja umsókn. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða sameiginlegt húsrými.

Íbúðaeigendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt ef forsendur breytast verulega. Ástæður, sem réttlætt geta afturköllun eru m.a. heilbrigðisástæður svo sem ofnæmi og ónæði sem fer verulega fram yfir það sem venjulegt og eðlilegt er. Við afturköllun samþykkis skal hundaeigandi fá hæfilegan frest til þess að finna hundinum annan samastað.

Ef íbúð í fjöleignarhúsi er leigð skal upplýsa leigjanda um hvort hundahald sé leyft í húsinu.

14. gr.

Sveitarstjórn getur fellt niður eða ákveðið lægra gjald fyrir nytjahunda, þ.e hunda sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjónþaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald.

15. gr.

Eftirfarandi skilyrði gilda í dreifbýli Langesbyggðar:

- a. Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir hundahaldi á lögbýlum, en skylt er að skrá hundana á skrifstofu Langanesbyggðar eða hjá umboðsaðila.
- b. Ekki þarf að greiða leyfisgjald af hundum í dreifbýli. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og lækniáðgerðum hlýst, sbr. 26. gr., eftir því sem við á. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 16. gr.
- c. Hundar í dreifbýli mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

16. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds má fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir sé um að ræða fyrsta brot og sé það minniháttar. Handsömun á ómerktum hundi skal auglýsa tryggilega, t.d. í staðarblaði. Eigandi hundsins skal leysa hann út gegn greiðslu handsömunargjalds og alls annars kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt eða ítrekað brot, skal afturkalla viðkomandi leyfi til hundahalds. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að aflífa þá þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef þeirra er vitjað innan 7 daga frá því að hundurinn var handsamaður, enda hafi handsömunargjald og annar áfallinn kostnaður áður verið greiddur. Að öðrum kosti er heimilt að aflífa hundinn enda hafi eiganda verið gert ljóst hvað vanræksla á að vitja hundsins geti haft í för með sér. Kostnaður greiðist af eiganda. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf í þágu hollustuhátta og öryggissjónarmiða.

II. KAFLI

Kattahald.

17. gr.

Kattahald í Langanesbyggð sætir þeim takmörkunum sem getið er um í samþykkt þessari.

18. gr.

Kattahald er háð leyfi sveitarstjórnar sem getur veitt lögráða einstaklingum, búsettum í sveitarfélaginu, leyfi til kattahalds að uppfylltum þeim skilyrðum sem samþykkt þessi kveður á um. Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en 2 ketti eldri en 3ja mánaða á sama heimili.

19. gr.

Leyfi til kattahalds er bundið við nafn og heimili leyfishafa og viðkomandi kött og er óheimilt að framselja það. Sveitarfélagið kaupir ábyrgðartryggingu fyrir alla skráða ketti og er iðgjaldið innifalið í árlegu gjaldi leyfishafa til sveitarsjóðs.

20. gr.

Kettir skulu skráðir á skrifstofu sveitarfélagsins eða hjá umboðsaðila og þar fær umsækjandi afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins. Plötunni skal koma fyrir á ól sem hengd er um háls kattarins ásamt bjöllu. Við skráningu skal framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gældýra og dýrahald í atvinnuskyni, og spóluormahreinsun kattarins, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfishafi skal tilkynna sveitarfélaginu ef kötturinn drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu.

21. gr.

Eigendum og umráðamönnum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum, eða raski ró manna. Eigendum katta ber að greiða kostnað við að fjarlægja dýrið, gerist þess þörf.

22. gr.

Ekki má hleypta köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. nánar 9. gr. samþykktar þessarar. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Ekki má heldur hleypta köttum inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn.

23. gr.

Kettir skulu ekki vera lausir úti við í þéttbýli. Sérstaklega skulu eigendur og umráðamenn katta gæta katta sinna með tilliti til fuglalífs á varptíma.

24. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til kattahalds má fjarlægja viðkomandi kött. Skal honum komið fyrir sé um að ræða fyrsta brot og sé það minniháttar. Eigandi kattarins skal leysa hann út gegn greiðslu handsömunargjalds og alls annars kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt eða ítrekað brot skal afturkalla leyfi til kattahalds. Handsömun á ómerktum ketti skal auglýsa tryggilega, t.d. í staðarblaði. Sé kattarins ekki vitjað innan 7 daga frá birtingu auglýsingar má aflífa hann. Kostnaður greiðist af eiganda. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum köttum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf í þágu hollustuhátta og öryggissjónarmiða.

25. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum og er henni þá skylt að auglýsa það tryggilega, t.d. í staðarblöðum eða útvarpi.

III. KAFLI

Gjaldskrá, eftirlit o.fl.

26. gr.

Árlega skal sveitarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Sveitarstjórn ákveður árlega upphæð leyfisgjaldsins og handsömunargjald samkvæmt 16. og 24. gr. í sérstakri gjaldskrá, sem sveitarstjórn setur samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Leyfisgjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram með gjalddaga 1. maí. Hafí gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Árleg bandorma- og spóluormahreinsun hunda er skipulögð af sveitarfélaginu og er hreinsunargjald innifalið í árlegu gjaldi til sveitarsjóds. Kjósi eigandi hunds að láta hreinsa hundinn sinn annars staðar ber honum að kosta það sjálfur.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarstjórn annast framkvæmd samþykktar þessarar og getur tilnefnt eftirlitsaðila sem fyrir hennar hönd skal sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar. Heimilt er að skipa fleiri en einn aðila til verksins og setur sveitarstjórn nánari starfsreglur. Eftirlitsaðili starfar í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

28. gr.

Þéttbýlisstaðir þeir sem um ræðir í samþykkt þessari eru Bakkafjörður og Þórshöfn.

29. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

30. gr.

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari vísast til VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um kærumeðferð fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

31. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Frá þeim tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 265/1991 um hundahald í Þórshafnarhreppi og samþykkt nr. 691/1994 um hundahald á Bakkafirði.

Umhverfisstjórnuneytinu, 14. febrúar 2011.

F. h. r.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.